

Úrskurður nr. 1/2010.

Kærð er endurákvörðun Tollstjóra á aðflutningsgjöldum af níu vörusendingum sem innihéldu hugbúnað. Kærandi mótmælti tollflokkun tollstjóra. Ríkistollanefnd féllst á kröfu kæranda um tollflokkun vörunnar.

Með bréfi til ríkistollanefndar, dags 12. janúar 2010, kærir A, úrskurð tollstjóra nr. 51/2009 END. Í hinum kærða úrskurði endurákvæðar tollstjóri aðflutningsgjöld af níu vörusendingum sem fluttar voru inn á árunum 2004- 2008. Um er að ræða efni á geisladiskum sem inniheldur hugbúnað tilbúinn til notkunar á sérstöku sviði við mælingar og hönnun. Búnaðurinn er: **TerraSync Professional Software with GPS Pathfinder Office**. Hugbúnaður til þess að safna gögnum á fljótvirkan hátt og getur tengst GPS staðarákvörðunartækjum. **Real Works Survey Advanced + Modeler Office Software**. Hugbúnaður til þess að safna landmælingargögnum fyrir ýmsa notkun, vegna bygginga, staðarrannsóknna og ýmissa landfræðilegra þrívíddarmælinga. **Terramodel Design Pak**. Hugbúnaður til hönnunar afmarkaðra landssvæða. **Terramodel Road Engineering Pak**. Hugbúnaður sem er veghönnunarkerfi. **SCS900 Tablet Edition Software Kit, Core & Road**. Hugbúnaður til að nota meðal annars við skoðun gagna og líkana á framkvæmdasvæði frá ökutæki. **Hydropro Navigation**. Hugbúnaður til notkunar við sjó- og vatnamælingar. **Site Vision Office v6.21 Base Module og Site Vision Office v7.00 Base Module**. Hugbúnaður til meðhöndlunar mæligagna frá Trimble site vision GPS Machine control system. Tollstjóri gerir kröfu um að vara þessi verði tollflokkuð í tnr. 8523.4069.

Kærandi gerir kröfu um óbreytta flokkun vörunnar. Þá telur kærandi það orka tvímælis um góða stjórnslu að sami aðili og ákvarðar breytingu á tollflokkun í upphafi, endurákvæði og úrskurði einnig eftir andmæli. Hann telur það vinnulag leiða til þess að minni líkur séu á raunverulegri endurskoðun málsins.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að með bréfi, dags. 3. desember 2009 s.l. hafi innflytjandi verið tilkynnt að til þess gæti komið að Tollstjóri endurákvæði aðflutningsgjöld af neðangreindum sendingum sem innflytjandi hafði fengið tollafgreiddar:

Sendingarnúmer	Tollafgreiðsludagur:
A 974 16 07 8 BE BRU D174	21.07.2008
A 974 23 10 7 BE BRU D188	26.10.2007
A 974 19 12 7 BE BRU D220	04.01.2008
A 974 06 05 4 GB EDI D139	27.05.2004
A 974 28 03 8 BE BRU D129	01.04.2008
A 976 25 01 4 BE BRU D005	11.03.2004
F 775 18 03 7 BE LGG G012	27.03.2007
F 767 30 06 7 BE LGG G010	03.07.2007
F 503 23 03 8 NL SPL G013	27.03.2008

Endurákvörðunin byggir á eftirfarandi athugasemdum :

1. A 974 16 07 8 BE BRU D174

Tollafgreiðsla sendingarinnar var byggð á eftirfarandi vörureikningi fyrirtækisins Trimble í Hollandi.

Reikningur nr. 172748, dags. 15.07.2008, að upphæð EUR 2.194,50.

Á ofangreindum reikningi var eftirfarandi vara:

PROD SW. SiteVision Office v7 Base Module *EUR 2.194,50.*

Endurskoðunardeild Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 8523.4021, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- ***Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd: 8523.4021 ---- Fyrir vélar í nr 8471***

Rétt tollflokkun er að mati endurskoðunardeildar Tollstjóra hins vegar í tollskrárnúmer 8523-4069, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- ***Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Aðrir optískir diskar með erlendu efni: 8523.4069 ---- Annars***

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá. Samkvæmt túlkunarreglu nr 1 við tollskrá eru fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgja meðal annars 6 túlkunarreglu við tollskrá. Þar kemur fram að í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri **8523.4021** hvílir:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskrárnúmeri **8523.4069** hvílir hins vegar:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).
- A – tollur 10%.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

2. A 974 23 10 7 BE BRU D188

Tollafgreiðsla sendingarinnar var byggð á eftirfarandi vörureikningi fyrirtækisins Trimble í Hollandi.

Reikningur nr. 146761, dags. 22.10.2007, að upphæð EUR 23.076,00.

Á ofangreindum reikningi var m.a. eftirfarandi vara:

TerraSync Professional Software with GPS Pathfinder Office EUR 5.779,38.

Endurskoðunardeild Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 8523.4021, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- **Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd: 8523.4021 ---- Fyrir vélar í nr 8471**

Rétt tollflokun er að mati endurskoðunardeildar Tollstjóra hins vegar í tollskrárnúmer 8523.4069, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- **Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Aðrir optískir diskar með erlendu efni: 8523.4069 ---- Annars**

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá, sbr. hér að ofan.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri **8523.4021** hvílir:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskrárnúmeri **8523.4069** hvílir hins vegar:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).
- A – tollur 10%.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

3. A 974 19 12 7 BE BRU D220

Tollafgreiðsla sendingarinnar var byggð á eftirfarandi vörureikningi fyrirtækisins Trimble í Hollandi.

Reikningur nr. 152733, dags. 18.12.2007, að upphæð EUR 25.550,00.

Á ofangreindum reikningi var m.a. eftirfarandi vara:

RealWorks Survey Advanced + Modeler Office Software EUR 7.812,50.

Endurskoðunardeild Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 8523.4021, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- **Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd: 8523.4021 - - - - Fyrir vélar í nr 8471**

Rétt tollflokun er að mati endurskoðunardeildar Tollstjóra hins vegar í tollskrárnúmer 8523.4069, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- **Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Aðrir optískir diskar með erlendu efni: 8523.4069 - - - - Annars**

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá, sbr. hér að ofan.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri **8523.4021** hvílir:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskrárnúmeri **8523.4069** hvílir hins vegar:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).
- A – tollur 10%.

Einnig er vakin athygli á því að röng mynt hefur verið notuð við tollafgreiðslu ofangreindrar sendingar. Við tollafgreiðslu var uppgefin mynt USD en á samkv. reikningi að vera EUR.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

4. A 974 06 05 4 GB EDI D139

Tollafgreiðsla sendingarinnar var byggð á eftirfarandi vörureikningi fyrirtækisins Trimble í Hollandi.

Reikningur nr. 235860001, dags. 05.05.2004, að upphæð EUR 9.093,00.

Reikningur sem nota á til grundvallar við tollafgreiðslu er hins vegar eftirfarandi reikningur frá Trimble í Hollandi.

Reikningur nr. 37825, dags. 05.05.2004, að upphæð EUR 6.300,00.

Á ofangreindum reikningi var eftirfarandi vara:

Terramodel DesignPak EUR 3.900,00.

Terramodel Road EngineeringPak EUR 2.400,00.

Endurskoðunardeild Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 8524-3101, skv. tollskrá en þar segir:

8524 - Hljómplötur, bönd og aðrir áteknir miðlar fyrir hljóð eða önnur merki upptekin á áþekkan hátt, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á upptökum, þó ekki vörur í 37 kafli:

**-Diskar fyrir leysileskerfi,--Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd: 8524.3101---
Fyrir vélar í nr. 8471**

Rétt tollflokkun að mati endurskoðunardeildar Tollstjóra er hins vegar í tollskrárnúmer

8524.3929, skv. tollskrá, en þar segir:

8524 - Hljómplötur, bönd og aðrir áteknir miðlar fyrir hljóð eða önnur merki upptekin á áþekkan hátt, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á upptökum, þó ekki vörur í 37 kafla:

-Diskar fyrir leysileskerfi, --Aðrir, ---Með erlendu efni: 8524.3929----Aðrir

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá, sbr, hér að ofan.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri **8524.3101** hvílir:

- 24,5% virðisaukaskattur.

Á tollskrárnúmeri **8524.3929** hvílir hins vegar:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- 10% A – tollur.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

5. A 974 28 03 8 BE BRU D129

Tollafgreiðsla sendingarinnar var byggð á eftirfarandi vörureikningi fyrirtækisins Trimble í Hollandi.

Reikningur nr. 161673, dags. 27.03.2008, að upphæð EUR 3.157,95.

Á ofangreindum reikningi var m.a. eftirfarandi vara:

Software – SCS900 Tablet Edition Software Kit, Core & Road EUR 2.245,50.

Endurskoðunardeild Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 8523.4021, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:

- **Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd: 8523.4021 ---- Fyrir vélar í nr 8471**

Rétt tollflokkun er að mati endurskoðunardeildar Tollstjóra hins vegar í tollskrárnúmer 8523.4069, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:

- **Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Aðrir optískir diskar með erlendu efni: 8523.4069 ---- Annars**

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá, sbr. hér að ofan.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri **8523.4021** hvílir:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskrárnúmeri **8523.4069** hvílir hins vegar:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).
- A – tollur 10%.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

6. A 976 25 01 4 BE BRU D005

Reikningur sem notaður var til grundvallar við tollafgreiðslu er eftirgreindur pro forma reikningur frá fyrirtækinu Trimble Navigation í Bandaríkjunum.

Reikningur dags. 22.01.2004, að upphæð USD 8.910,90.

Reikningur sem nota á til grundvallar við tollafgreiðslu er hins vegar eftirfarandi reikningur frá Trimble Navigation í Bandaríkjunum.

Reikningur nr. 353774, dags. 26.01.2004, að upphæð EUR 3.600,00.

Á ofangreindum reikningi var eftirfarandi vara:

Hydropro Navigation

EUR 3.600,00.

Endurskoðunardeild Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 8524.3101, skv. tollskrá en þar segir:

8524 - Hljómplötur, bönd og aðrir áteknir miðlar fyrir hljóð eða önnur merki upptekin á áþekkan hátt, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á upptökum, þó ekki vörur í 37 kafla:

**-Diskar fyrir leysileskerfi,--Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd: 8524.3101---
Fyrir vélar í nr. 8471**

Rétt tollflokun að mati Tollstjóra er hins vegar í tollskrárnúmer 8524.3929, skv. tollskrá, en þar segir:

8524 - Hljómplötur, bönd og aðrir áteknir miðlar fyrir hljóð eða önnur merki upptekin á áþekkan hátt, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á upptökum, þó ekki vörur í 37 kafla:

-Diskar fyrir leysileskerfi, --Aðrir, ---Með erlendu efni:8524.3929----Aðrir

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá, sbr. hér að ofan.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri **8524.3101** hvílir:

- 24,5% virðisaukaskattur.

Á tollskrárnúmeri **8524.3929** hvílir hins vegar:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- 10% A – tollur.

Einnig var flutningsgjald í reit nr 24 ranglega tilgreint við tollafgreiðslu. Var skráð sem USD 882,18 en á að vera ISK 4.059,00.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um ofgreidd aðflutningsgjöld að ræða.

7. F 775 18 03 7 BE LGG G012

Tollafgreiðsla sendingarinnar var byggð á eftirfarandi vörureikningi fyrirtækisins Trimble í Hollandi.

Reikningur nr. 125316, dags. 14.03.2007, að upphæð EUR 166.419,00.

Á ofangreindum reikningi var m.a. eftirfarandi vara:

Site Vision Office v6 21 Base Module EUR 2.194,50.

Endurskoðunardeild Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 8523.4021, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- **Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd: 8523.4021 ---- Fyrir vélar í nr 8471**

Rétt tollflokkun er að mati endurskoðunardeildar Tollstjóra hins vegar í tollskrárnúmer 8523.4069, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- **Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Aðrir optískir diskar með erlendu efni: 8523.4069 ---- Annars**

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá, sbr. hér að ofan.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri **8523.4021** hvílir:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskrárnúmeri **8523.069** hvílir hins vegar:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).
- A – tollur 10%.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

8. F 767 30 06 7 BE LGG G010

Tollafgreiðsla sendingarinnar var byggð á eftirfarandi vöruheikningi fyrirtækisins Trimble í Hollandi.

Reikningur nr. 136349, dags. 29.06.2007, að upphæð EUR 119.273,85.

Á ofangreindum reikningi var m.a. eftirfarandi vara:

Site Vision Office v6 21 Base Module EUR 6.583,50.

Endurskoðunardeild Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 8523.4021, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- **Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd: 8523.4021 ---- Fyrir vélar í nr 8471**

Rétt tollflokkun er að mati endurskoðunardeildar Tollstjóra hins vegar í tollskrárnúmer 8523.4069, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- **Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Aðrir optískir diskar með erlendu efni: 8523.4069 ---- Annars**

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá, sbr. hér að ofan.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri **8523.4021** hvílir:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskrárnúmeri **8523.4069** hvílir hins vegar:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).
- A – tollur 10%.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

9. F 503 23 03 8 NL SPL G013

Tollafgreiðsla sendingarinnar var byggð á eftirfarandi vörureikningi fyrirtækisins Trimble í Hollandi.

Reikningur nr. 160955, dags. 20.03.2008, að upphæð EUR 177.381,35.

Á ofangreindum reikningi var m.a. eftirfarandi vara:

<i>SiteVision Office v7.00 Base Module</i>	<i>EUR 2.194,50.</i>
<i>Software – SCS900 Tablet Edition Software Kit, Core & Road</i>	<i>EUR 1.122,75.</i>

Endurskoðunardeild Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 8523.4021, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- **Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd: 8523.4021 ---- Fyrir vélar í nr 8471**

Rétt tollflokun er að mati endurskoðunardeildar Tollstjóra hins vegar í tollskrárnúmer 8523.4069, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- **Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Aðrir optískir diskar með erlendu efni: 8523.4069 ---- Annars**

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá, sbr. hér að ofan.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri **8523.4021** hvílir:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskrárnúmeri **8523-4069** hvílir hins vegar:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).
- A – tollur 10%.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

Tollstjóri gaf innflytjanda frest til 23. desember 2009 til andmæla og framlagningar gagna eftir því sem við gæti átt. Þann 10. desember barst Tollstjóra andmæli frá fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins. Í þeim tekur innflytjandi fram að varan hafi verið tollflokkuð samkvæmt bestu vitund og fyrirtækið hafi trúlega kannað tollflokkun hjá Tollstjóra áður en þessi tollflokkur var valinn, þótt það hafi e.t.v. ekki verið gert með formlegum hætti. Einnig segist fyrirtækið á dögunum hafa sent fyrirspurn inn á vef tollsins vegna tollflokunar á umræddri vöru.

Vegna þessa tekur Tollstjóri það fram að fyrirspurnin frá innflytjanda var almenn eðlis, án þess að nokkuð kæmi fram hvers konar hugbúnaður þetta væri og hvort umræddur hugbúnaður tæki t.d. hljóð eða mynd. Þá er á það bent af Tollstjóra að varan var tollflokkuð af innflytjanda (DHL sá um tollskýrslugerð í 6 sendingum af 9) í tvö tollskránum, þ.e. tnr. 8524-3101 (vegna þeirra sendinga sem voru tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2007) og tnr. 8523.4021 (vegna þeirra sendinga sem voru tollafgreiddar eftir 1.janúar 2007). Hér á eftir er tilvitnun í tollskrá vegna ofangreindra tollskránumera:

8524 - *Hljómplötur, bönd og aðrir áteknir miðlar fyrir hljóð eða önnur merki upptekin á áþekkan hátt, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á upptökum, þó ekki vörur í 37 kafla:*

**-Diskar fyrir leysileskerfi,--Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd: 8524.3101---
Fyrir vélar í nr. 8471**

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- **Optískir miðlar, -- Áteknir, - - - Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd: 8523.4021 - - - - Fyrir vélar í nr 8471**

Ofangreind tollskránumera eiga það sameiginlegt að í þessi tnr. fer hugbúnaður sem er til endurskila á öðrum merkjum **en hljóði eða mynd**. Hugbúnaðurinn í þeim sendingum sem hér eru til endurskoðunar er hins vegar greinilega til endurskila á mynd. Hinn vinnandi hluti hugbúnaðarins (myndin) stýrir tollflokkinum í tollskránumera 8524.3929 og 8523.4069 skv. túlkunarreglum nr 1 og 6 við tollskrá.

Að mati endurskoðunardeildar Tollstjóra er rétt tollflokkinum í tollskránumera 8524.3929, skv. tollskrá, vegna sendinga sem voru tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2007 og tnr. 8523.4069, skv. tollskrá, vegna sendinga sem voru tollafgreiddar eftir 1.janúar 2007.

Tollskrárnúmer 8524.3929 er samkvæmt tollskrá:

8524 - *Hljómplötur, bönd og aðrir áteknir miðlar fyrir hljóð eða önnur merki upptekin á áþekkan hátt, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á upptökum, þó ekki vörur í 37 kafla:*

- **Diskar fyrir leysileskerfi-- Aðrir:---Með erlendu efni:**

8524.3921 ---- **Með tónlist**

8524.3922 ---- **Með leikjum**

8524.3923 ---- **Með kennsluefni**

8524.3929 ---- **Aðrir**

Að mati endurskoðunardeildar Tollstjóra er umrædd vara hugbúnaður með erlendu efni. Varan er ekki með **tónlist, leikjum** eða **kennsluefni**, og tollflokkast þar með í tollskrárnúmer 8524.3929 (Aðrir) skv. túlkunarreglum nr 1 og 6 við tollskrá, vegna sendinga sem voru tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2007.

Tollskrárnúmer 8523.4069 er samkvæmt tollskrá:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

-**Optískir miðlar-- Áteknir---Aðrir optískir diskar með erlendu efni**

8523.4061 ---- **Með tónlist**

8523.4062 ---- **Með leikjum**

8523.4063 ---- **Með kennsluefni**

8523.4064 ---- **Hljóðupptökur af lestri bóka**

8523.4069 ---- **Annars**

Að mati endurskoðunardeildar Tollstjóra er umrædd vara hugbúnaður með erlendu efni. Varan er ekki með **tónlist, leikjum, kennsluefni**, eða **hljóðupptökum af lestri bóka** og tollflokkast þar með í tollskrárnúmer 8523.4069 (Annars) skv. túlkunarreglum nr 1 og 6 við tollskrá, vegna sendinga sem voru tollafgreiddar eftir 1.janúar 2007.

Með hliðsjón af því sem rakið er hér að framan og þeim rökum er fram koma í fyrirhuguðum úrskurði tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda þykir ekki tilefni til að fallast á andmæli fyrirsvarsmanns fyrirtækisins. Boðaðar breytingar koma því til framkvæmda með úrskurði þessum.

Tollstjóri telur að aðflutningsgjöld af umræddum sendingum hafi ekki verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Því var ákveðið að endurákvörða aðflutningsgjöld af umræddum sendingum í samræmi við 111. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 3.mgr. 99. gr. tollalaga nr.55/1987.

Þar sem vörur í sendingum A-974-0605-4-GB-EDI-D139 og A-976-2501-4-BE-BRU-D005 voru tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2006 gilda tollalög nr. 55/1987 um endurákvörðun aðflutningsgjalda, sbr. gildistökuákvæði nýrra tollalaga nr. 88/2005.

Um vörur í sendingum **A-974-1607-8-BE-BRU-D174, A-974-2310-7-BE-BRU- D188, A-974-1912-7-BE-BRU-D220, A-974-2803-8-BE-BRU-D129, F-775-1803-7- BE-LGG-G012, F-767-3006-7-BE-LGG-G010 og F-503-2303-8-NL-SPL-G013** gilda tollalög nr. 88/2005 um endurákvörðun aðflutningsgjalda.

987.

Skv. 3. mgr. 108. gr. tollalaga 55/1987 kemur fram að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi.

Skv. 1. mgr. 125. gr. tollalaga nr. 88/2005 kemur fram að dráttarvextir skuli einungis ákvarðaðir frá því að innflytjanda barst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun skv. 111. gr.

Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar **A 974 16 07 8 BE BRU D174** eru sem hér segir:

A-tollur 10%	kr.	28.261,00
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	6.924,00
<u>Dráttarvextir til 15.12.2009</u>	<u>kr.</u>	<u>117,00</u>
<u>Samtals</u>	<u>kr.</u>	<u>35.302,00</u>

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar **A 974 23 10 7 BE BRU D188** eru sem hér segir:

A-tollur 10%	kr.	52.712,00
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	12.915,00
<u>Dráttarvextir til 15.12.2009</u>	<u>kr.</u>	<u>300,00</u>
<u>Samtals</u>	<u>kr.</u>	<u>65.927,00</u>

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar **A 974 19 12 7 BE BRU D220** eru sem hér segir:

A-tollur 10%	kr.	73.712,00
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	204.850,00
<u>Dráttarvextir til 15.12.2009</u>	<u>kr.</u>	<u>928,00</u>
<u>Samtals</u>	<u>kr.</u>	<u>279.490,00</u>

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar **A 974 06 05 4 GB EDI D139** eru sem hér segir:

A-tollur 10%	kr.	56.921,00
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	- 46.059,00
<u>Dráttarvextir til 15.12.2009</u>	<u>kr.</u>	<u>11.652,00</u>
<u>Samtals</u>	<u>kr.</u>	<u>22.514,00</u>

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar **A 974 28 03 8 BE BRU D129** eru sem hér segir:

A-tollur 10%	kr.	27.808,00
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	6.813,00
<u>Dráttarvextir til 15.12.2009</u>	<u>kr.</u>	<u>158,00</u>
<u>Samtals</u>	<u>kr.</u>	<u>34.779,00</u>

Ofgreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar **A 976 25 01 4 BE BRU D005** eru sem hér segir:

A tollur 10%	kr.	33.339,00
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	-67.018,00
<u>Samtals</u>	<u>kr.</u>	<u>-33.679,00</u>

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar **F 775 18 03 7 BE LGG G012** eru sem hér segir:

A-tollur 10%	kr.	20.052,00
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	4.913,00
<u>Dráttarvextir til 15.12.2009</u>	<u>kr.</u>	<u>114,00</u>
<u>Samtals</u>	<u>kr.</u>	<u>25.079,00</u>

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar **F 767 30 06 7 BE LGG G010** eru sem hér segir:

A-tollur 10%	kr.	56.705,00
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	13.774,00
<u>Dráttarvextir til 15.12.2009</u>	<u>kr.</u>	<u>323,00</u>
<u>Samtals</u>	<u>kr.</u>	<u>70.802,00</u>

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar **F 503 23 03 8 NL SPL G013** eru sem hér segir:

A-tollur 10%	kr.	40.640,00
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	9.957,00
<u>Dráttarvextir til 15.12.2009</u>	<u>kr.</u>	<u>231,00</u>
<u>Samtals</u>	<u>kr.</u>	<u>50.828,00</u>

Samtals til greiðslu **ISK 551.042,00.**

Allar fjárhæðir eru birtar með fyrirvara.

Í kærinni eru það einkum tvö atriði sem kærandi gerir athugasemd við, en það er tollflokkunin og málsmeðferðin. Kærandi telur að ekki sé ljóst í hvað tollflokk varan eigi að flokkast. Hann hafi leitað til tollstjóra þegar málið var í vinnslu og fengið misvísandi svör. Tvö óformleg svör liggja fyrir frá tollstjóra annars vegar í tnr. 8523.4069 og hins vegar í tnr. 8523.4021. Annars vegar virðist ekki liggja ljóst fyrir hvor tollflokkurinn er sá rétti og er fyrirtækið látið gjalda vafans en ekki njóta hans. Svo vitnað sé í úrskurðinn: “Hinn vinnandi hluti hugbúnaðarins (myndin) stýrir tollflokkuninni.....”(sjá bls. 12 í úrskurðinum á skjali D). Samkvæmt okkar skilningi er vinnandi hluti hugbúnaðarins, reikniverkið sem vinnur með mæligögnin. Framsetningin getur verið í tölulegu formi, línuritum eða teikningum. Þá kemur fram í gögnum er fylgdu kærinni að hugbúnaðurinn hefði verið tollflokkaður samkvæmt bestu vitund og byggði á lýsingu í tollskrá. Erfitt hefði verið annað en að skilja tollskrá þannig að þessi tollflokkun væri rétt.

Þá kemur það fram í bréfaskriftum kæranda til tollstjóra að trúlega hafi verið leitað eftir upplýsingum um tollflokkun vörunnar hjá tollstjóra áður en þessi tollflokkun var valin á sínum tíma, það hafi verið vaninn þó það hafi ekki verið gert með formlegum hætti.

Hin athugasemd kæranda varðar meðhöndlun málsins. Hann telur það hljóta að orka tvímælis um góða stjórnslu að sami aðili og ákvarði tollflokkun í upphafi, endurákvæði og úrskurði einnig eftir andmæli. Kærandi telur að þetta vinnufyrirkomulag minnki líkur á raunverulegri endurskoðun málsins.

Kæran var send tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 13. janúar 2010. Var honum veittur frestur til að skila umsögn um kærana til 29. janúar. Tollstjóri óskaði efir lengri fresti og var hann veittur Umsögn tollstjóra barst nefndinni þann 24. febrúar 2010.

Hvað varðar athugasemd kæranda um að ekki liggja ljóst fyrir hvaða tollflokkur sé réttur og að kærandi sé látinn gjalda vafans en ekki njóta hans segir tollstjóri að tollflokkun fari eftir ákveðnum, formbundnum reglum. Lögbundið sé að færa skal vöru til tollflokks samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar. Tollskráin er birt sem viðauki I við tollalög nr. 88/2005 og er gerð í samræmi við vörunúmeraskrá Alþjóðatollastofnunarinnar. Reglur um túlkun skrárinnar séu birtar fremst í skránni. Meginreglan sé sú að tollflokkun skuli byggð á orðalagi vöruliða og athugasemda við viðeigandi kafla og flokka. Einnig skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliða og sérhverri tilheyrandi athugasemd við undirliði skv. túlkunarreglu 6 fremst í skránni. Í hinum kærða úrskurði var farið eftir þessum lögbundnu reglum. Þar kemur fram ítarlegur rökstuðningur við tollflokkun samkvæmt túlkunarreglum tollskrárinnar.

Fram kemur í andmælabréfi kæranda að hugbúnaðurinn hafi verið tollflokkaður samkvæmt bestu vitund og tollflokkunin byggð á lýsingu í tollskrá. Erfitt hefði verið annað en að skilja tollskrá þannig að þessi tollflokkun væri rétt. Hafi kærandi trúlega kannað þetta til hlítar hjá Tollstjóra áður en þessi tollflokkun var valin á sínum tíma, eins og þeir gerðu gjarnan, þótt það hafi e.t.v. ekki verið gert með formlegum hætti.

Tollstjóri bendir á í þessu sambandi að innflytjandi beri ábyrgð á því að þær upplýsingar sem hann sendir Tollstjóra með aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskýti um gagnaflytningarnet vegna SMT- eða VEF-tollafgreiðslu séu réttar samkvæmt 1. mgr. 32. gr. tollalaga. Í 2. mgr. 32. gr. tollalaga kemur enn fremur fram að sá sem undirritar og lætur Tollstjóra í té skriflega aðflutningsskýrslu ásamt fylgiskjölum ber ábyrgð á því að þær upplýsingar sem þar koma fram séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar. Ekki hafa verið lögð fram

nein gögn sem styðja þá fullyrðingu kæranda að hann hefði trúlega kannað tollflokkun á hugbúnaðinum til hlítar hjá Tollstjóra áður en umrædd tollflokkun var valin og innflutningur átti sér stað.

Þá segir í greinargerðinni að fram komi í andmælum kæranda vegna fyrirhugaðrar endurákvörðunar dags. 9. desember 2009, að hann sendi nýverið inn óformlega fyrirspurn á vef embættisins. Fyrirspurnin var á þá leið „*að ef um innfluttan hugbúnað á geisladisk væri að ræða, sem eingöngu notast inn á tölvur, í hvað tollflokk fer hann?*“.

Kærandi fékk svör frá sinn hvorum fulltrúanum. Annað svarið var á þá leið *að miðað við þann hugbúnað sem er í gangi í dag í Windows er líklegt að þetta flokkist í 8523.4069*. Hitt svarið var á þá leið *að 8523.4021 getur gengið, sem átekinn diskur „til endurskila á öðrum merkjum en hljóði eða mynd“ eins og tölvuforrit. 8523.4029 „aðrir“*.

Eins og svörin bera með sér þá er ekki unnt að svara tollflokkun á vöru með eins litlum upplýsingum og fram koma í fyrirspurn kæranda. Leggja þarf fram allar upplýsingar svo unnt sé að tollflokka vöru. Enda eru svörin á þá leið að þetta sé *líkleg tollflokkun og gæti gengið*. Þar af leiðandi hefðu fulltrúar embættisins þurft frekari upplýsingar til að svara fyrirspurn kæranda. Í 2. mgr. 20. gr. tollalaga kemur fram að leiki vafi á tollflokkun vöru eða óski inn- eða útflytjandi eftir staðfestingu Tollstjóra á tollflokkun vöru getur hann leitað eftir Bindandi álit Tollstjóra á tollflokkun vörunnar, sbr. 21. gr. Í 1. mgr. 21. gr. tollalaga kemur fram að ákvörðun Tollstjóra um bindandi tollflokkun vöru er bindandi gagnvart fyrirspyrjanda og tollyfirvöldum, nema hún sé afturkölluð af Tollstjóra eða henni breytt eftir kæru til ríkistollanefndar, sbr. 118. gr. Óformlegar fyrirspurnir með ófullnægjandi upplýsingum sem sendar eru á vef Tollstjóra eru ekki bindandi gagnvart tollyfirvöldum. Í 3. mgr. 21. gr. tollalaga kemur jafnframt fram að *með beiðni um Bindandi álit skulu fylgja þau gögn sem eru nauðsynleg til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun vöru, svo sem teikning, mynd, vörulýsing eða bæklingur. Ef nauðsyn ber til að mati Tollstjóra getur hann sett skilyrði um að sýnishorn af vöru sé lagt fram áður en tekin er ákvörðun um tollflokkun*. Enda er ekki unnt að ákveða tollflokkun vöru nema fyrir liggi allar upplýsingar um vöruna.

Í fyrirbyggjandi máli sé um að ræða diska sem hafa að geyma hugbúnað til að forrita GPS-tæki af gerðinni Terrasync Professional Software with GPS Pathfinder Office. Kærandi segir vinnandi hluta hugbúnaðarins vera reikniverkið sem vinni með mæligögn. Framsetningin geti svo verið í tölulegu formi, línuritum eða teikningum. Kærandi telur hugbúnaðinn eiga undir tollflokk 8523.4021 en ekki 8523.4069. Undir tollflokk nr. 8523.4021 falla fullgerðir, áteknir miðlar til endurskila á öðrum merkjum en hljóði eða mynd fyrir vélar í nr. 8471. Vélar í nr. 8471 eru sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, þ.e.a.s. tölvur. Embætti Tollstjóra telur að ofangreindar vörur falli ekki undir tollskrárnúmer 8523.4021, þar sem í þessu tollskrárnúmeri á samkvæmt orðalagi þess ekki að vera neitt myndrænt efni. Hér er um að ræða diska, sem hafa verið ritaðir með hugbúnaði, sem notaður er við myndræna vinnslu. Skv. túlkunarreglu nr. 1 við tollskrá eru fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða og athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla, sbr. túlkunarreglu 6 við tollskrá. Það er því álit embættis Tollstjóra að ofangreind sending skuli flokkast í tollskrárnúmer 8523.4069 eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði. Undir þennan tollflokk falla optískir miðlar með öðru erlendu efni.

Um athugasemd kæranda varðandi meðferð málsins segir í greinargerð tollstjóra að í 119. gr. tollalaga komi fram að Tollstjóri hafi á hendi tollendurskoðun. Í 2. mgr. ákvæðisins segir meðal annars að tollendurskoðun taki til hvers konar könnunar Tollstjóra á réttmæti upplýsinga sem lagðar voru fram við lögboðna skýrslugjöf til Tollstjóra og hvers konar

könnunar á réttmæti skila á aðflutningsgjöldum eftir álagningu þeirra. Í tollendurskoðun felst m.a. samanburður á upplýsingum sem Tollstjóra eru veittar með rafrænum hætti við bókhaldsgögn, þar á meðal viðeigandi fylgigögn sem eiga að liggja til grundvallar skýrslugjöf til Tollstjóra samkvæmt ákvæðum tollalaga.

Tollstjóra er skv. 111. gr. tollalaga nr. 88/2005 heimilt að endurákvörða aðflutningsgjöld í 6 ár frá tollafgreiðsludegi þegar um rafræna tollafgreiðslu er að ræða.

Við framkvæmd endurákvörðunar embættisins þá eru ákveðnar málsmeðferðarreglur sem embættið verður að fylgja samkvæmt tollalögum. Þær koma fram í 114. gr. tollalaga. Þar kemur fram í 1. mgr. *að ef fyrirhuguð er endurákvörðun Tollstjóra skv. 111.–113. gr. skal Tollstjóri senda innflytjanda tilkynningu um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun með sannanlegum hætti.* Slík tilkynning var send kæranda með bréfi dags. 3. desember 2009. Í 2. mgr. 114. gr. tollalaga kemur fram *að í tilkynningu skv. 1. mgr. skal Tollstjóri lýsa í meginatriðum þeim atvikum sem hann telur að eigi að leiða til endurákvörðunar sem og var gert í tilkynningunni þann 3. desember sl. Í 4. mgr. kemur fram að Tollstjóri skal veita innflytjanda, sem var gert í tilkynningu til kæranda, a.m.k. 15 daga frest, frá póstlagningardegi tilkynningar um fyrirhugaða endurákvörðun, til þess að tjá sig skriflega um efni máls og, eftir atvikum, leggja fram gögn áður en úrskurður um endurákvörðun er kveðinn upp. Veittur var frestur til 23. desember 2009 til andmæla og andmæli voru send Tollstjóra þann 9. desember sl. Í 4. mgr. 114. gr. kemur fram að úrskurður um endurákvörðun skal kveðinn upp innan 30 daga frá lokum þess frests sem innflytjanda var veittur til þess að tjá sig um fyrirhugaða endurákvörðun. Innflytjanda skal tilkynnt um úrskurð með ábyrgðarbréfi. Úrskurður var kveðinn upp í málinu þann 15. desember 2009 og því ljóst að meðferð málsins var fyllilega í samræmi við málsmeðferðarreglur tollalaga.*

Kærandi hefur þann rétt samkvæmt 118. gr. tollalaga, sem hann nýtti sér, að kæra endurákvörðun skv. 111-113. gr. til ríkistollanefndar. Meðferð slíks máls er ekki í höndum endurskoðunardeildar embættisins heldur er umsögn málsins í höndum lögfræðideildar tollasviðs. Að öðru leyti vísast til hins kærða úrskurðar.

Tollstjóri krefst þess að úrskurður um endurákvörðun nr. 51/2009 verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi þann 24. febrúar 2010. Í svari sem barst nefndinni þann 1. mars 2010. segir m.a. að ítrekað sé að hinn vinnandi hluti umræddra forrita sé reikniverkið en ekki "hljóð og mynd". Þótt umræddur hugbúnaður geti sýnt mæligögn sem línurit eða teikningar, þá telur kærandi að það sé fjarri því að hægt sé að tala um "hljóð og mynd". Með "hljóð og mynd" hljóti að vera átt við geisladiska t.d. DVD, með áteknu efni s.s. bíómyndir og annað slíkt efni en ekki steinþegjandi úrvinnsluhugbúnað fyrir mæligögn á landmælingasviði. Umræddur hugbúnaður keyrir á Windows á sama hátt og t.d. Microsoft Office pakkarnir Word og Excel gera. Excel er mun myndrænni hugbúnaður en þeir sem hér eru til umræðu. Í óformlegri könnun sem við höfum gert varðandi tollflokun á slíkum hugbúnaði, þá hefur hann ætíð verið tollflokkaður í 8523.4021 hjá innflutningsaðilum. Kærandi kveðst því ekki skilja þennan úrskurð. Ef hann standi, þá sé um freklega mismunum og ósamræmi að ræða.

Varðandi athugasemd við meðferð málsins þá segir kærandi að tollstjóri kjósi að misskilja það þegar við segjum "að það orki tvímælis að sami aðili sem ákvarðar í upphafi, endurákvörði og úrskurði einnig eftir andmæli". Hér sé ekki verið að gera athugasemd við að sama embætti endurákvörði og úrskurði eins og lög gera ráð fyrir og tíundað er í langri umsögn og með tilvísanir í lagagreinar í greinargerð tollstjóra, heldur sé í kærinni gerð

athugasemd við það að það sé sami aðili (einstaklingur) og upphaflega fjallaði um málið skuli einnig fjalla um andmæli okkar og úrskurða í málinu. Með þessari vinnutilhögun, séu engar líkur á að málið fái óvilhalla umfjöllun og afgreiðslu. Öll samskipti okkar við tollstjórnann í Reykjavík, varðandi þetta mál, voru við einn og sama aðilann sem skrifar undir öll bréf til okkar varðandi málið. Meira að segja skrifar hann undir lokaúrskurðinn sem starfsmaður endurskoðunardeildar en ekki lögfræðideildar tollasviðs eins og látið er liggja að í greinargerð tollstjóra.

Að lokum segir í greinargerð kæranda að farið sé fram á að fá óvilhalla umfjöllun og skýrar línur til að vinna eftir, en ekki mismunun á tollflokkun milli innflutningsaðila á samsvarandi búnaði

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Þá hefur nefndin leitað sérfræðialits um vöru þá sem hér er deilt um tollflokkun á. Deilt er um tollflokkun hugbúnaðar í tölvu sem ætlaður er til ýmiss konar vinnu við hönnun og verkfræðiútreikninga. Deilt er um flokkun vörunnar, kærandi gerir kröfu um að varan verði tollflokkuð í tnr. 8523.4021, en tollstjóri hafnar því og krefst þess að varan verði flokkuð í tnr. 8523.4069.

Þá telur kærandi það orka tvímælis um góða stjórnsýslu að sami aðili og ákvarðar breytingu á tollflokkun í upphafi, endurákvarði og úrskurði einnig eftir andmæli og athugasemdir kæranda.

Áður en fjallað er efnislega um málið er rétt að fjalla um þessa athugasemd kæranda.

Það er skýrt kveðið á um það í núgildandi tollalögum að tollstjóra beri að fjalla um og úrskurða í málum sem þessu, eins og ágætlega er rakið af hálfu tollstjóra, enda eru bæði tollstjóri og kærandi sammála um þetta atriði. Meiningamunur aðila liggur í því að kærandi telur eðlilegt að um málið sé ekki fjallað af sama aðila innan tollstjóraembættisins, því þá sé sá aðili að yfirfara eigin ákvarðanir. Ríkistollanefnd tekur undir þessi sjónarmið kæranda. Enda þótt það sé ekki beinlínis andstætt tollalögum að hafa þann hátt á sem tollstjóri hefur í þessu máli, þ.e. að láta sama aðilann innan embættis síns endurákvarða af hálfu tollstjóra, kveða síðan upp úrskurð eða Bindandi álit og veita síðan andsvör fyrir ríkistollanefnd verður að telja eðlilegri stjórnsýslu og í anda stjórnsýslulaga að sinn hvor aðilinn innan embættis tollstjóra eða sín hvor deildin fjalli um þau mál, þar sem ákvarðanir tollstjóra valda ágreiningi og koma til skoðunar á ný hjá embættinu.

Hvað efnislega umfjöllun álitaefnisins varðar skal eftirfarandi tekið fram. Varan er efni á geisladiskum sem inniheldur hugbúnað tilbúinn til notkunar á sérstöku sviði við mælingar og hönnun lands og vatna:

TerraSync Professional Software with GPS Pathfinder Office

Hugbúnaður til þess að safna gögnum á fljótvirkan hátt og getur tengst GPS **staðarákvörðunartækjum**. Hugbúnaðinum er einnig ætlað að auðvelda notandanum söfnun og skipulagningu á mæligögnum.

Real Works Survey Advanced + Modeler Office Software

Hugbúnaður til þess að safna landmælingargögnum fyrir ýmsa notkun, vegna bygginga, staðarrannsóknna og ýmissa landfræðilegra þrívíddarmælinga.

Terramodel DesignPak

Hugbúnaður til hönnunar afmarkaðra landsvæða. Hugbúnaðurinn getur tekið við gögnum af ýmsum gerðum/formum. Hugbúnaðurinn gerir notandanum kleift að vinna með mismunandi hönnun svæða til samanburðar. Hugbúnaðurinn getur unnið með hæðarlínur (contour) gert þversnið í líkön osfrv.

Terramodel Road EngineeringPak

Skýring eða lýsing fannst ekki, en skv. nafni er um að ræða veghönnunarkerfi.

SCS900 Tablet Edition Software Kit, Core & Road

Hugbúnaður til nota meðal annars við skoðun gagna og líkana á framkvæmdasvæði frá ökutæki. Getur framkvæmt ýmsa útreikninga á framkvæmdastað, gert rauntímamælingar meðan ekið er um svæðið.

Hydropro Navigation

Hugbúnaður til notkunar við sjó- og vatnamælingar, getur tengst bergmálmælum, hljóðbylgjumælum, gps ofl.

Site Vision Office v6.21 Base Module og Site Vision Office v7.00 Base Module

Hugbúnaður til meðhöndlunar mæligagna frá Trimble site vision GPS Machine control system. Getur mótttekið mæligögn og gögn frá hönnunarkerfum og sent frá sér gögn til hönnunarkerfa (CAD), sannreynt mæligögn osfrv.

Mikill tæknilegur munur getur verið á innihaldi geisladiska með stafrænu „efni“. Svo mikill að það sameiginlega er einungis stafræn geymslutækni byggð á tvíundarkerfi og skipulagi skráarkerfis á diskunum. Skrárnar sjálfar geta hins vegar verið gerólikar hvað varðar eðli og innihald.

Stafrænar skrár á diskum geta innihaldið fullunnið efni sem geymt er á staðlaðan hátt og ætlað er til afspilunar, til beinnar útprintunar eða í formi áhorfs, hlustunar eða hvoru tveggja í einu. Stafrænar skrár á diskum geta einnig innihaldið forrit sem ætluð eru til afspilunar inn á tölvu og vinna þar sem verkfæri, Microsoft Word, Excel, Autodesk Autocad osfrv.

Við tæknilega skoðun á því efni sem er á umræddum diskum sbr. gróf lýsing hér að ofan, er greinilegt að þar er „efnið“ ekki í líkingu við fullunnið efni tilbúið til afspilunar sem hljóð, mynd eða hvoru tveggja. Á diskunum er fjöldi hugbúnaðar sem eru sérstök verkfæri til að nota við hönnun mannvirkja, hugbúnaður til útfærslu hreyfiferla í tví-og þrívídd og hugbúnaður til greiningar burðarvirkja.

Gögn frá þessum hugbúnaði eru í formi sérhæfðra stafrænna gagna sem notuð eru inn í annan hugbúnað til frekari vinnslu og/eða til prentunar.

Efnið á diskunum er því í eðli sínu sambærilegt við hugbúnað til ýmiss konar notkunar líkt og Microsoft Word, Excel, teiknihönnunarkerfi, Adobe Photoshop osfrv. Það er val notanda hverju sinni hversu myndræna framsetningu hann kys hverju sinni. Að mati nefndarmanna er ógerningur að ákvarða fyrirfram í tollmeðferð vörunnar um myndræna framsetningu hennar eins og fram kemur í rökstuðningi tollstjóra en hann vísar til túlkunarreglu 2 a. við tollskrá og telur að hún eigi við þessa vöru. Ríkistollanefnd er ekki sammála þeirri röksemd tollstjóra. Í raun er hér um að ræða fullbúna vöru sem hægt er að breyta. Túlkunarregla 2 a. á því ekki

við hér. Um er að ræða hugbúnað í formi stafrænna gagna sem notast í tengslum við tölvur og annan hugbúnað. Það er samdóma álit nefndarmanna að tollflokka beri vöru þessa í tnr. 8523.4021.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6, er hinn kærði úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 51/2009 END um tollflokkun á hugbúnaði sem fluttur var inn í sendingum **A 974 16 07 8 BE BRU D174, A 974 23 10 7 BE BRU D188, A 974 19 12 7 BE BRU D220, A 974 06 05 4 GB EDI D139, A 974 28 03 8 BE BRU D129, A 976 25 01 4 BE BRU D005, F 775 18 03 7 BE LGG G012, F 767 30 06 7 BE LGG G010, F 503 23 03 8 NL SPL G013**, felldur úr gildi. Vöru þessa ber að flokka í tnr. 8523.4021.